



Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Sigurður Guðjónsson
Sími ábyrgðarmanns	575200
Netfang ábyrgðarmanns	sigurdur.gudjonsson@hafogvatn.is
Nafn fyrirtækis	Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
Kennitala fyrirtækis	4706160830
Starfsstöð fyrirtækis	Staður við Grindavík
Póstnúmer og staður	240, Grindavík
Sími fyrirtækis	5752350
Netfang fyrirtækis	matthias.oddgeirsson@hafogvatn.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Matthías Oddgeirsson
Sími tengiliðs	5752350
Netfang tengiliðs	matthias.oddgeirsson@hafogvatn.is

Upplýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Hafrannsóknastofnun hefur samkvæmt lögum stundað rannsóknir á eldi sjávarlífvera frá árinu 1985 og hefur stofnunin haft aðstöðu að Stað við Grindavík. Árið 1988 var byggð 560m² Tilraunaeldisstöð og árið 2003 var tekin í notkun 790m² viðbygging við hana. Tilraunaeldisstöðin er alfarið í eigu Hafrannsóknastofnunar og sér stofnunin enn fremur um allan rekstur hennar.

Meginhlutverk Tilraunaeldisstöðvarinnar er tvíþætt, annars vegar að stunda rannsóknir sem miða að því að varpa ljósi á eðli villtra nytjategunda, m.a. rannsóknir á líffræði, lífeðlisfræði og atferli, einkanlega glíma við spurningar sem ekki er unnt að svara á fullnægjandi hátt í sjálfri náttúrunni. Hitt meginhlutverk stöðvarinnar er að stunda fiskeldisrannsóknir og leggja þannig grunn að eldi álittegra eldistegunda, m.a. að þróa aðferðir til framleiðslu á ungvíði og skilgreina kjöraðstæður til vaxtar í því skyni að auka fjölbreytni í atvinnuvegum, auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu og skapa ný atvinnutækifæri.

Við tilraunaeldisstöðina eru fimm fastir starfsmenn, auk stöðvarstjóra eru tveir sjávarlíffræðingar og tveir fiskeldisfræðingar.

Tilraunaeldisstöðin er staðsett á athafnasvæði fiskeldisfyrirtækisins Íslandsbleikju. Landið er í eigu Landbúnaðarráðuneytissins og hefur Íslandsbleikja samning um afnot af því. Hafrannsóknastofnunin er síðan með samning við Íslandsbleikju um afnot af landi m.fl. Töluverð samvinna hefur verið á milli þessara aðila í gegnum árin, t.d. hefur Hafrannsóknastofnunin keypt bæði rafmagn og allan borholusjó sem notaður er í Tilraunaeldisstöðinni af fyrirtækinu.

Tilraunaeldisstöðin hefur til umráða 8 eldisker sem staðsett eru fyrir norðan eldishúsið, þau eru samtals með um 450m³ eldisrymi.

Tilraunaeldisstöðin sem reist var árið 1988 skiptist niður í nokkur rými:

- Eldissalur með 18 eldiskerjum, samtals um 100m³.
- Sílóhorn, þar sem eru 25 tilraunasíló, hvert um 140l.
- Kæliklefar, sem notaðir eru fyrir hrognaframleiðslu og aðrar plássminni rannsóknir.
- Artemíuklefi, þar sem eru smáar eldiseiningar til framleiðslu lifandi fóðurdýra fyrir fisklifur.

Viðbygging sem tekin var í notkun árið 2003 inniheldur:

- Fimm eldisker sem eru alls um 200m³.
- Fimmtán lítil tilraunaker, um 4m³.
- Tuttugu og fjögur sérhæfð eldisker til framleiðslu á fiskseiðum, alls um 100m³.
- Hjóldýraklefi með eldiseiningum til framleiðslu lifandi fóðurdýra fyrir fisklifur.

Samtals er því eldisrymi Tilraunaeldisstöðvarinnar um 850 m³.

Frá opnun Tilraunaeldisstöðvarinnar hefur verið unnið með margar tegundir sjávarlífvera, mest þó með þorsk, lúðu, sandhverfu og sæeyra. Undanfarin ár hafa þorskur og bleikja verið aðal tegundirnar. Framleiðsla á fiski til slátrunar hefur ekki verið stunduð í Tilraunaeldisstöðinni og er ekki fyrirhuguð.

Uppdrættir af staðsetningu	starfsleyfi-deiliskipulag.pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	starfsleyfi-deiliskipulag.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Deiliskipulag fiskeldi i7-Greinargerð+US-V7.1 (003).pdf
Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?	Tilraunaeldisstöðin hefur aðgang að boruholusjó, heitu vatni til upphitunar og rafmagni frá Íslandsbleikju.
Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?	Fóðurleyfar og úrgangur frá fiskum.
Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.	
Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx	
Losunartölur vegna alþjóðasamninga	

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?	Minniháttar.doc
Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?	viðurkennt frárennsli
Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið?	Tekin verða sýni af frárennsli stöðvarinnar núna fjótlega og síðan á þriggja ára fresti.doc
Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið	á ekki við
Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs	engin endurnýting er til staðar
Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna Engin sérstök spilliefni eru notuð í Tilraunaeldisstöðinni. Sápa og klór eru notuð til hreinsunar á eldiskerjum. Formalín er lítilsháttar notað ef losna þarf við sníkjudýr af fiskum. Lyf eru mjög sjaldan notuð og þá í samráði við dýralækni.	
Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga á ekki við úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar	
Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?	nei

Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)
Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.	á ekki við
Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri	ekkert
Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar	starfsleyfi,viðbragð.docx
Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar	starfsleyfi,viðbragð.docx
Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:	
Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004	Er í vinnslu.doc
Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda	starfsleyfi,bráðamengun.docx
Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda	starfsleyfi,viðbragð.docx

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Viðbótargögn
